

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2020

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

Samtök atvinnulífsins hafa tekið til umsagnar frumvarp um fæðingar- og foreldraorlof sem sett var í samráðsgátt stjórnvalda 23. september sl. Frumvarpið byggir á vinnu nefndar sem skipuð var árið 2019 um heildarendurskoðun laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

Samtök atvinnulífsins styðja þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, þ.m.t. lengingu orlofs í 12 mánuði og jafna skiptingu orlofs milli foreldra. Slík tilhögun er talin best til þess fallin að ná markmiði laganna sem er að tryggja barni samvistir við báða foreldra og gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Með lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 var mikilvægt skref stigið í jafnréttisátt þegar feðrum var tryggður sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs. Fyrir þann tíma heyrði það til undantekninga ef feður tóku fæðingarorlof umfram tvær vikur. Gögn frá Fæðingarorlofssjóði sýna að feður taka í langflestum tilfellum aðeins sinn sjálfstæða rétt til fæðingarorlofs og mæður taki að stærstum hluta sameiginlega réttinn. Slík ójöfn skipting mun ekki leiða okkur áfram í áttina að auknu jafnrétti. Rannsóknir sýna einnig að feður sem taka við umönnun barns síns í fæðingarorlofi taka almennt jafnari ábyrgð á þeim verkefnum sem falla innan heimilis. Það gerir báðum foreldrum kleift að samræma betur fjölskyldu- og atvinnulíf að loknu fæðingarorlofi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins,



Halldór Benjamín Þorbergsson
frankvæmdastjóri